

Samantekt á innleiðingarferli IRP

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 21. desember 2015, var Menntamálastofnun formlega falið að hefja vinnu við breytingar á lögbundnum samræmdum könnunarprófum í grunnskólum.

Verkefnið var þrjúþætt:

1. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla, haldin að hausti.
2. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku sem lögð verði fyrir á unglingastigi.
3. Endurskoðun á innihaldi samræmdra könnunarprófa í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár grunnskóla.

Hafist var handa við að skipuleggja þetta viðamikla verkefni. Í maímánuði 2016 ferðuðust fulltrúar stofnunarinnar vítt og breitt um landið og héldu alls tólf kynningarfundir fyrir skólastjórnendur, kennara og fræðslustjóra. Fékk stofnunin góðar og gagnlegar ábendingar og athugasemdir frá fagfólki. Forpróf voru haldin, fyrst í 7. og 10. bekk og var skólum boðið að senda inn umsókn um þátttöku. Færri komust að en vildu og einungis var forprófað í 10 skólum í þeirri lotu. Önnur æfingafyrirlögn fyrir verðandi 4. bekkinga var svo haldin stuttu síðar. Í þessum æfingum bárust Menntamálastofnun um 3.000 rafrænar prófurlausnir og gekk æfingin á heildina litið vel en einna helst voru skólar að lenda í vandræðum með innskráningu sem var óþarflega flókin og útheimti mikla handavinnu. Forprófin gerðu Menntamálastofnun kleift að bæta fyrirkomulagið enn frekar, til dæmis að einfalda innskráningu nemenda inn í prófið.

Í samstarfi við erlenda þjónustuaðila prófkerfisins var því næst unnið að því að þýða prófkerfið yfir á íslensku og útbúa ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd prófanna. Útbúið var [svæði](#) á heimasíðu Menntamálastofnunar þar sem finna má framkvæmdahefti, leiðbeiningar og ítarlegar upplýsingar um tilgang og framkvæmd prófanna.

Menntamálastofnun ítrekaði mikilvægi þess að nemendur og kennarar fengju aðgang að æfingaprófum, til að kynnast hinu rafræna umhverfi. Sérstakt leyfi þurfti að fá frá hinum erlendu framleiðendum prófkerfisins til þessa en æfinga-, eða kynningarprófin, eins og þau voru kölluð, voru samsett úr nokkrum dæmum svipuðum þeim sem nemendur gátu búist við að sjá á rafrænu prófi. Engin takmörk voru á fjölda innskráninga og var þetta því kjörið tækifæri til að skyggjast inn í prófkerfið áður en prófdagur rynni upp og til að æfa sig í innskráningarferlinu. Nemendur og kennarar gátu enn fremur spreytt sig á æfingaprófunum jafnt í skólanum sem heima við.

Í septembermánuði 2016 lauk svo merkurum áfanga í sögu íslenskrar menntunar þegar allir grunnskólar landsins lögðu fyrir í fyrsta sinn, rafræn samræmd könnunarpróf. Prófin voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk á sama tíma, alls um 8000 nemendur. Boðið var upp á að taka prófið í tveimur lotum í hvoru prófi fyrir sig, ekki síst til að takmarka álag á prófkerfið. Í heildina gekk þessi fyrirlögn vel. Helstu vandamálin tengdust ritunarþætti prófsins og útskráningu nemenda. Um var að ræða

undantekningartilfelli en áætla má að um 20 slík tilvik hafi komið upp, af um 4000 nemendum sem þreyttu prófin en í íslenskuprófunum kom upp vandamál með broddstafi.

Fyrsta stóra áfanganum í rafvæðingu samræmdra könnunarprófa, sem miðaði að því að færa hefðbundin línuleg próf frá pappír yfir í rafrænt umhverfi, var þar með lokið.

Í [skýrslu](#) sem unnin var í kjölfarið voru vandamálin sem komu upp tilgreind og útlistuð. Flest þeirra voru auðleyst og fremur hægt að rekja til mannlegra mistaka en prófakerfisins sjálfs.

Næsta stóra áskorun í innleiðingarferlinu voru könnunarpróf sem leggja þurfti fyrir um 7400 nemendur. Ástæðan var reglugerðarbreyting á reglugerð [nr. 173/2017](#) sem miðaði að því að leggja fyrir könnunarprófið á unglingastigi í 9. bekk, í stað 10. bekkjar. Til að það mætti verða, þurfti vorið 2017 að leggja prófið fyrir þessa tvo árganga á sama tíma.

Fyrirlagnirnar fóru fram dagana 7.-10. mars 2017. Þessi mikli fjöldi nemenda sem þreyttu prófið á sama tíma reyndi töluvert á prófakerfið, þrátt fyrir að skólastjórar fengju töluvert svigrúm um nákvæma tímasetningu próftökunnar. Framkvæmdin gekk ágætlega fyrir sig en þó varð ljóst að mikill fjöldi stuðningsúrræða með lengdum tíma og upplestri prófspurninga, olli álagi á prófakerfið enda um stórar hljóðskrár að ræða í þessum tilfellum. Af tæplega 8000 nemendum í 9. og 10. bekk, var sótt um stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri fyrir 31% 9. bekkinga og 29% 10. bekkinga. Þetta var áberandi mikil aukning í umsóknum stuðningsúrræða milli ára.

Því næst lá fyrir í innleiðingarferlinu að prófa 4. og 7. bekk haustið 2017. Nú var komin góð samfella í verkferla og talið var að búið væri að sníða af alla vankanta framkvæmdarinnar.

Fyrirlagnir í 7. bekk fóru fram 21. og 22. september í íslensku og stærðfræði. Í þeirri fyrirlögn þreytti 3961 nemandi íslenskuprófið og 3963 nemendur stærðfræðiprófið. Fyrirlagnirnar í 4. bekk fóru fram 28. og 29. september í íslensku og stærðfræði. Fjöldi var öllu meiri en í 7. bekk eða 4267 nemendur sem þreyttu íslenskuprófið og 4327 nemendur stærðfræðiprófið.

Sem fyrr var boðið upp á að leggja prófin fyrir í tveimur lotum sama dag þannig að skólar hefðu möguleika á því að skipta stærri bekkjum í tvennt og gætu því með auðveldari hætti nýtt þau tæki og rými sem skólinn bjó yfir. Skólastjórar höfðu svigrúm varðandi próftímann, bæði til að seinka og flýta prófi. Þannig gátu þeir brugðist við mismunandi aðstæðum á hverjum stað.

Engin tæknileg vandamál komu upp við innskráningu í prófin hvorki hjá 4. né 7. bekk. Algengasti vandinn var sá að gerðar voru innsláttarvillur þegar innskráningarnúmer nemenda voru slegin inn. Við endurtekningu á innslætti leystist sá vandi í öllum tilfellum. Í einhverjum tilfellum komu upp tæknileg vandamál meðan á próftíma stóð. Má þar nefna að nettengingar duttu niður eða að það slökknadi á tölvubúnaði í miðjum klíðum. Búið var að gera ráðstafanir gagnvart slíku og höfðu skólastjórnendur fengið leiðbeiningar um hvernig ætti að bregðast við tæknilegum vandkvæðum af þeim toga, til dæmis með því að endurræsa tölvur og skrá nemendur inn aftur.

Íslenskuprófið gekk vandalítið fyrir sig í 4. bekk. Athugasemdir bárust um að prófið væri of langt fyrir þennan aldurshóp en almennt töldu skólastjórar að tími hefði verið nægur. Þarna skiptir máli hvort miðað er við hinn almenna nemanda eða nemanda með annað móðurmál eða með stuðningsúrræði. Einhverjir skólastjórar töldu viðbótartímann of skamman.

Fyrirlagnirnar gengu vel og almennt gætti ánægju meðal kennara og nemenda með hvernig til tókst. Flest mál voru leyst hratt og auðveldlega innan sem utan Menntamálastofnunar.

Skýrslurnar í heild sinni má finna [hér](#).